

EFNISYFIRLIT

1	VERKLÝSING	2
1.1	AÐSTAÐA, VARNIR OG VINNUPALLAR	2
1.1.1	Aðstaða.....	2
1.1.2	Varsla og varnir.....	2
1.1.3	Vinnupallar.....	2
1.2	MÚRVIÐGERÐIR	3
1.2.0	Viðgerðir og málun, almennt,.....	3
1.2.1	Háprýstipvottur.....	3
1.2.2	Múrviðgerð á flötum.....	3
1.2.3	Múrviðgerð á köntum.....	3
1.2.4	Viðgerð á sprungum með múr.....	4
1.2.5	Viðgerð á sprungum með múr og kíttri.....	4
1.2.6	Múrviðgerð á tröppum.....	5
1.3	MÁLUN ÚTVEGGJA	5
1.3.1	Sílanböðun útveggja.....	5
1.3.2	Málun útveggja.....	5
1.3.3	Málun tréverks og glugga.....	6
1.3.4	Málun á blikki.....	7
1.3.5	Málun útihurða.....	7
1.4	ANNÆÐ	7
1.4.1	Endurnýja glerfalslista.....	7
1.4.2	Endurnýjun glugga.....	7
1.4.3	Endurnýjun klæðningar á þakkanti.....	7
1.4.4	Klæðning á skyggni yfir dyrum.....	8
1.4.5	Klæðning á múrhúðaða fleti.....	8
1.4.6	Endurnýjun lama.....	8
1.4.7	Viðgerð á plastklæðningu.....	8
1.6	VIÐBÓTARVERK	8
1.6.1	Tímavinna.....	8
0.9	TEIKNINGASKRÁ	10
	VERKSAMNINGUR	11

1 VERKLÝSING

1.1 AÐSTAÐA, VARNIR OG VINNUPALLAR

1.1.1 AÐSTAÐA

Verkkaupi leggur til aðstöðu að hluta til fyrir verktaka nálægt verkstað. Sjá gr. 0. 7.2.

Vinnusvæðið er á hliðum hússins. Aðkoma að húsinu er góð. Lóðin er opin og bílastæði malbikuð framan við hús. Verktaki skal leggja til nauðsynlegar rafmagnskapla og aðrar nauðsynlegar lagnir og annast tengingu þeirra.

Verkkaupi leggur til aðgang að rafmagni, köldu vatni og heitu sé þess þörf. Sjá gr. 0.7.3. Hann greiðir kostnað við þá notkun, en verktaki sér um lagnir og tengingar. Þá leggur verktaki til verksins gáma undir rífið efni og rusl, og annast flutning þeirra og förgun úrgangs hjá sorpmóttökustöð.

Magn er heild fyrir aðstöðu. Í verði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. starfsmannaaðstaða, raflagnir og förgun á rusli. Þegar aðstaðan er komin upp verður greidd 30% og 70% með jöfnum greiðslum á verk tíma.

1.1.2 VARSLA OG VARNIR

Verktaki skal annast, kosta og bera ábyrgð á öllum vörnum sem nauðsynlegar eru meðan á verkinu stendur. Hér er um að ræða t.d. varnir gegn falli efna og verkfæra af þaki og vinnupöllum en gerð er krafa til þess að fyllsta öryggis sé gætt. Þá er um að ræða öryggisráðstafir gagnvart gönguleiðum að og frá húsinu m.m.

Þar sem umferð er að og frá húsinu, er nauðsynlegt að verktaki taki sérstakt tillit til gangandi sem akandi umferðar. Hann skal annast öryggisráðstafanir sem tryggi öruggt aðgengi að húsinu og bílastæðum við það. Í þessu sambandi getur verið nauðsynlegt að loka svæðum við húsið tímabundið. Skal það gert í samvinnu við eftirlitsmann.

Verktaki ber ábyrgð á vörslu og skemmdum sem kunna að verða á eignum verkkaupa og annarra vegna ófullnægjandi vörslu og verkskipulagningar á verk tímanum. Leita skal samþykkis verkkaupa um tilhögunina, en það fyrir verktaka þó ekki ábyrgð. Allar skemmdir sem kunna að verða af völdum verktaka eða manna á hans vegum skal verktaki lagfæra á sinn kostnað, jafnóðum eða í verklok eftir aðstæðum hverju sinni.

Magn er heild. Innifalið í verði skal vera allur kostnaður við verkið. Verður greitt með jöfnum greiðslum á verk tíma.

1.1.3 VINNUPALLAR

Húsið, sem á að mála, er tvær hæðir, ris og kjallari. Botnflatarmál 1. hæðar er 222 m². Samanlögð hæð útveggja og þaks er um 11,5 m mælt frá lóðaryfirborði. Byggingarár hússins er 1957 og 3. Hæð 1974.

Verktaki skal leggja til vinnupalla eða vinnulyftur sem nota þarf við framkvæmd verksins. Honum er í sjálfsvald sett hvort hann setur upp fasta vinnupalla úr áli, stáli eða timbri eða notar færanlega verkpalla eða vinnulyftur.

Vinnupallar og vinnulyftur skulu uppfylla kröfur Vinnueftirlits ríkisins og íslenskra álagsstaðla. Pallarnir skulu þannig gerðir að óviðkomandi eigi ekki aðgang upp á þá utan reglulegs vinnutíma. Verktaka ber að sjá til þess að tilhögun vinnupalla sé sem heppilegust og öruggust gagnvart starfsmönnum og íbúum hússins.

Magn er heild fyrir verkið. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. vinnupallar, lyftur, efni, vinna, tæki, festingar og öryggisvarnir.

1.2 MÚRVIÐGERÐIR

1.2.0 VIÐGERÐIR OG MÁLUN, ALMENNT,

Húsið er úr steinsteypu. Yfirborð útveggja er múrhúðað og málað. Ástand málningar er nokkuð gott. Múrviðgerðir eru á afmörkuðum stöðum húss.

Sprungur eru aðallega á plötuskilum. Aðrar múrviðgerðir eru minni háttar. Verktaki ásamt eftirlitsmanni verkkaupa skal meta og mæla umfang múrviðgerða og ákveða aðferðir múr- og sprunguviðgerða.

Efni til múrviðgerða skulu vera forframleiddar múrviðgerðablöndur, sem hlotið hafa almenna viðurkenningu hér á landi. Um sé að ræða hraðþornandi, trefjastyrktar viðgerðarblöndur, sem rýrna ekki. Blöndurnar skal vera auðvelt að handleggja.

Þetta er verðlaus liður.

1.2.1 HÁPRÝSTIÞVOTTUR

Háprýstipvo skal alla steinsteypa veggj hússins, sem málaðir verða og viðgerðir.

Verja skal allt umhverfi þannig að háprýstipvottur valdi ekki skemmdum. Miða skal við þrýsting allt að 300bar með köldu vatni. Þrýstingur skal valinn þannig að yfirborðsáferð á flötum skemmist ekki og laus málning hreinsist öll af. Hreinsun miðast við mjög vandlega yfirferð og að hvergi sé laus málning eða önnur óhreinindi að loknum háprýstipvotti. Þar sem hreinsa þarf lausa steypu og ryð af járnnum getur þurft að auka þrýsting upp í 500bar.

Hreinsa skal burtu rusl, málningu og öll ummerki eftir háprýstipvott. Sama á við um hreinsun á múrbrotum tilheyrandi múrviðgerðum, sem skal farga í gám á lóð hússins.

Ekki er reiknað með að húsið verði háprýstipvegið, nema að mjög takmörkuðu leyti, þar sem múrviðgerðir eru.

Kostnaður vegna háprýstipvotts er innifalinn í viðkomandi Málningarlið.

1.2.2 MÚRVIÐGERÐ Á FLÖTUM

Um er að ræða viðgerð á múrhúðuðum flötum. Reiknað er með að múrhúðað sé yfir flötinn til að ná sem líkastri áferð og var fyrir.

Múrhúðun 12-15mm, með tilbúinni múrviðgerðarblöndu eða sambærilegri blöndu. Háprýstipvegið undir og sementskústað. Þar sem múr hefur losnað, þarf að brjóta hann upp og endurmúra.

Mælieining er m2. Magntala er múraður flötur eftir þykkt. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. vinna, efni, tæki. Kostnaður við hreinsun flata sjá gr. 1.2.1.

1.2.3 MÚRVIÐGERÐ Á KÖNTUM

Viðgerð á við þar sem steypustyrktarstál hefur sprengt utan af sér steypuhulu á köntum og valdið ryðsmiti á yfirborði eða að kantur sé sprunginn af öðrum orsökum.

Á hornum á steyptri þakrennu eru skemmdir í málningu og steypu, sem þarf að gera við.

1. Flöturinn umhverfis skemmd sé afmarkaður með sögun eða broti þannig að skil milli viðgerða myndi sem næst 90 gráðu horn við flötinn. Brjóta skal uns sér í óryðgarð stál. Brjóta skal þannig að brotsárið nái minnst 10 mm inn fyrir stálið. Miða skal við að

lágmarks steypuhula verði 15 - 20 mm. Til að ná 15 - 20 mm steypuhulu getur þurft að slá stálið inn.

2. Slípa eða sandblása allt ryð af stálinu og skola steypusárið með hreinu vatni eða ómengduðu þrýstilofti.
3. Bera tvær umferðir af sementsbundnu ryðvarnarefni á stálið með pensli samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og í seinni umferðinni skal bera a.m.k. 20 mm út á steypuna, þar sem járníð gengur inn í hana.
4. Setja upp réttsskeiðar sé þess þörf og festa vel.
5. Meðhöndla steypusárið samkvæmt fyrirmælum framleiðanda múrblöndunar. Í flestum tilfellum skal sárið kústað með grunni þ.e.a.s. þyntri múrblöndu.
6. Draga upp múrblöndu í blautann grunninn og gang frá viðgerðinni í samræmi við yfirborðið í kring.
7. Aðhlúun og eftirmeðferð múrs skal vera í samræmi við fyrirmæli framleiðanda múrsins. Nýlagðan múr skal verja fyrir of hraðri þornun, sérstaklega fyrsta sólarhringinn eftir útlögn. Halda skal múrnum rökum í minnst 7 sólarhringa, eða sprauta yfir hann steypuþekju. Steypuþekja skal hafa eyðst af fletinum áður en hann er sílanborinn eða málaður.
Mælieining er m. Magntala er lengd af viðgerðum köntum, flokkað eftir dýpt og gerð. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. sögun, múr, viðgerðarefni, frágangur og vinnu.

1.2.4 VIÐGERÐ Á SPRUNGUM MEÐ MÚR

Verklýsing þessi á við stakar sprungur sem eru yfir 0,5 mm breiðar.

1. Saga skal í sprunguna U-laga fúgu, um 8 mm breiða og 10 mm djúpa.
2. Hreinsa skal ryk og önnur óhreinindi úr fúgunni með ómengduðu þrýstilofti eða köldu vatni.
3. Væta skal fúguna 12 - 24 tímum áður en viðgerð hefst.
4. Grunna skal fúguna samkvæmt fyrirmælum framleiðanda múrsins.
5. Fylla fúguna með tilbúnum múr sem hentar stærð fúgunnar.
6. Við framkvæmd verksins skal fara eftir verklýsingu framleiðanda svo og verklýsingum sem hér fylgja.
7. Ganga frá yfirborði fúgunnar í samræmi við aðliggjandi yfirborð.
8. Aðhlúun og eftirmeðferð múrs skal vera í samræmi við fyrirmæli framleiðanda múrsins. Nýlagðan múr skal verja fyrir of hraðri þornun, sérstaklega fyrsta sólarhringinn eftir útlögn. Halda skal múrnum rökum í minnst 7 sólarhringa, eða sprauta yfir hann steypuþekju. Steypuþekja skal hafa eyðst af fletinum áður en hann er sílanborinn eða málaður.
Mælieining er m. Magntala er lengd af viðgerðri sprungu. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. sögun, hreinsun, múr, efni og vinnu.

1.2.5 VIÐGERÐ Á SPRUNGUM MEÐ MÚR OG KÍTTI

Verklýsing þessi á við óþéttar samskeytasprungur þar sem endurnýja þarf þéttingar.

1. Saga skal í sprunguna U-laga fúgu, um 8 mm breiða og 12 mm djúpa.
2. Hreinsa skal ryk og önnur óhreinindi úr fúgunni með ómengduðu þrýstilofti eða köldu vatni.
3. Grunna skal fúguna með primer sem framleiðandi fúgufylliefnsins leggur til.
4. Setja skal bakfylliefni í botn fúgunnar, t.d. límband eða snæri eða annað sambærilegu efni.

5. Fylla fúguna með teygjanlegu fúgufylliefni þar til 3 - 4 mm eru eftir, þá skal fylla strax út með tilbúinni múrviðgerðablöndu, sem hentar stærð fúgunnar. Þýsta skal múrnum í blautt fúgufylliefnið og þússa í samræmi við yfirborðið í kring.
6. Við framkvæmd verksins skal fara eftir verklýsingu framleiðanda svo og verklýsingum sem hér fylgja.
7. Ganga frá yfirborði fúgunnar í samræmi við aðliggjandi yfirborð.
8. Aðhlúun og eftirmeðferð múrs skal vera í samræmi við fyrirmæli framleiðanda múrsins. Nýlagðan múr skal verja fyrir of hraðri útpornun, sérstaklega fyrsta sólarhringinn eftir útlögn. Halda skal múrnum rökum í minnst 7 sólarhringa, eða sprauta yfir hann steypupekju. Steypupekja skal hafa eyðst af fletinum áður en hann er sílanborinn eða málaður.

Mælieining er m. Magntala er lengd af viðgerðri sprungu. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. sögun, hreinsun, múr, efni og vinnu.

1.2.6 MÚRVIÐGERÐ Á TRÖPPUM

Um er að ræða viðgerð á múrhúð á tröppum við aðalinngang. Múr framan á tröppum hefur losnar að hluta til á tveim neðstu tröppum. Brjóta skal upp lausan múr og endurmúra.

Múrhúðun 15-25mm, með tilbúinni múrviðgerðarblöndu eða sambærilegri blöndu. Háprýstipvegið undir og sementskústað.

Magn er heild. Í verði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. vinna, hreinsun, efni, tæki og annað sem til verksins þarf.

Hreinsun flata sjá gr. 1.2.1.

1.3. MÁLUN ÚTVEGGJA

1.3.1 SÍLANBÖÐUN ÚTVEGGJA

Sílanbaða skal steipta fleti sem málning hefur losnað af og allar múrviðgerðir.

1. Hreinsa burtu lausa og flagnandi málningu sem ekki hefur farið við háprýstipvott.
2. Bera 40% monosílan á alla bera steinsteypu og fleti sem gert hefur verið við með múr, þannig að fljóttandi himna myndist, og skal þess vandlega gætt að hvergi verði fletir útundan. Sprauta skal efninu með lágum þrýstingi, þvert yfir lóðréttu fleti með 20-30 sm millibili. Lárétta og lítið hallandi fleti, svo sem vatnsbretti, skal sílanbaða ríkulega. Ekki má bera efnið á heitan flöt móti sól eða í rigningu. Flöturinn skal vera þurr til að ná sem mestu ísogi. Efnið má ekki komast í snertingu við vatn eða vatnsgufu fyrir notkunn.
3. Hreinsa skal efnið strax af flötum sem það á ekki að fara á t.d. gleri, timbri eða klæðningum. Nota skal spritt við hreinsunina eða hreinsiefni sem framleiðendur mæla með.
4. Efnisnotkun skal vera a.m.k. 0,2 l/m², miðað við sléttan flöt. Vatn má ekki komast í snertingu við efnið í 4-6 klukkustundum eftir að efnið hefur verið borið á.
5. Ekki skal bera efnið á við lægra hitastig en 5 gráður. Einnig skal hitastig veggjarins vera minnst 3 gráðum yfir daggarmörkum loftsins meðan sílanböðun stendur og þornun þess.

Kostnaður við sílanböðun skal innifalin í einingarverði málningar.

1.3.2 MÁLUN ÚTVEGGJA

Eftir múr og steypuviðgerðir skal mála alla fleti sem viðgerðir eru á.

Nota skal í hverju tilfelli efni sem þróað hefur sérstaklega til utanhússmálunar og hlotið hefur almenna viðurkenningu hér á landi sem slíkt. Við alla málningarvinnu skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda um undirbúning og framkvæmd. Framleiðendur hafa gefið út leiðbeinandi bæklinga um vöru sína og er verktaka bent á að kynna sér þá, þar sem þeir eru hluti af verklýsingu.

Áður en málun heft skulu fletir vera hreinir og þurrir. Hitastig utanhúss skal vera yfir mörkum sem framleiðandi setur.

Mála skal alla steinfleti með terpentínubynnanlegri akrílbundinni málningu í fyrri umferð og vatnsþynnanlegri akrílbundinni málningu í seinni umferð. Grunna skal undan málun.

Yfirborð steins er múrhúðað.

Litur: Samkvæmt ákvörðun verkkaupa.

1. Hreinsa lausa málningu sem ekki hefur farið af með háþýstipvotti. Flöturinn skal vera hreinn og þurr.
2. Grunna með terpentínubynnanlegri akrílbundinni málningu rækilega þynntri með terpentínu, allt að 40%. Þurrfilmupykkt sé 35 μ (mikron). Yfirmálun sé í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
3. Mála fyrri umferð með óþynntri terpentínubynnanlegri akrílbundinni málningu. Efnisnotkun sé um 0,17 l/m² miðað við sléttan flöt. Þurrfilmupykkt 70 μ (mikron). Yfirmálun sé í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
4. Mála seinni umferð með óþynntri vatnsþynnanlegri akrílbundinni málningu. Efnisnotkun 0,12 l/m², miðað við sléttan flöt. Þurrfilmupykkt 40 – 45 μ . Þannig að endanleg þurrfilmupykkt sé a.m.k. 150 – 160 μ .
5. Ekki skal mála við læga hitastig en 5°C.

Mælieining er m². Magntala er veggflötur. Op, svo sem gluggar og hurðir, stærrir er 1 m² dragast frá. Veggfletir inn með gluggum og hurðum reiknast með. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. efni, sílanböðun, tæki og vinna.

1.3.3 MÁLUN TRÉVERKS OG GLUGGA

Mála skal timburklæðningu á þakköntum og annað tréverk eftir lýsingu þessari.

Um er að ræða endurmálun veðraðra flata og nýtt timbur. Glugga og tréverk skal hreinsa vel af allri lausri málningu. Mála skal alla gluggakarma og pósta á sv-gafl og sa-hlið (götuhið) hússins.

Núverandi litur er ljós. Litur skal vera sami og fyrir er.

1. Forvinna undir endurmálun skal vera eftirfarandi. Skafa skal burt lausa og flagnaða málningu. Yfirborðveðrun (grána) skal hreinsa með sköfum og slípun með sandpappír. Þar sem naglahausar hafa ryðgað, skulu þeir slegnir inn og kíttað yfir. Síðan bætt í ryðfríum skrúfum eftir þörfum.
2. Áður en málun hefst skal rakinn í viðnum vera minni en 18%.
3. Metta skal beran við með grunnolíu (viðarolíu) með þurrefnisinnihaldi 5 -15 %. Til að metta viðinn getur þurft að fara fleiri en eina umferð. Yfirmálun sé í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
4. Mála tvær umferðir af alkýðoliumálningu, með þurrefnisinnihaldi 30 – 40 %. Milli umferða sé biðtími í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Endanleg þurrfilmupykkt sé a.m.k. 60-70 μ (mikron).
5. Ekki skal mála við lægra hitastig en 5°C.

Mælieining er m fyrir gluggakarma, pósta og opnanleg fög. Magntala er lengd af gluggakörmum, póstum og opnanlegum fögum.

Mælieining er m2 fyrir timburklæðningu. Magntala er flötur tréverks. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. vinna, efni, tæki, þrif, hreinsun, málun og förgun.

1.3.4 MÁLUN Á BLIKKI

Blikkáfellur (flassning) yfir steiptum kanti á göflum er farin að ryðga og þá aðallega skrúfur eða naglar. Hreinsa þarf allt ryð og skipta um ónýtar skrúfur, grunna og mála vandlega.

Mælieining er m. Magntala er lengd af áfellum (flasningum). Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. hreinsun, efni, skrúfur, tæki og vinna.

1.3.5 MÁLUN ÚTIHURÐA

Útihurðir eru úr dökkum harðviði. Þær skal skafa upp og lakka aftur að utan og innan ásamt körmum. Hreinsa skal vandlega allt lakk og þússa með sandpappír þannir að grámi sé hreinsaður burt. Einnig skal hreinsa upp messing hlífðarplötur neðst á hurðum. Lakka skal 2 umferðir með glæru utanhúss viðarlakki yfir hurðir. Sjá verklíð 1.3.4.

Mælieining er stk. Magntala er fjöldi útihurða. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. efni, tæki og vinna.

1.4 ANNAD

1.4.1 ENDURNÝJA GLERFALSLISTA

Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi megnið af glerfalslistum á sa-hlið(götuhlið) og sv-gaffi hússins. Botnlistar skulu vera sérhannaði botnlistar úr áli eða harðviði. Hreinsa skal fals vel áður en nýir listar eru settir. Bera skal akrílkitti undir lista, en hafa gúmmílista að rúðu. Gæta skal þess að útloftun sé undir rúðu, inn í fals og út úr gluggakarmi eða undir botnlista.

Mælieining er m. Magntala er lengd af endurnýjuðum listum. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. efni, fjarlæging og förgun eldri lista, hreinsun á falsi, glerlistar, skrúfur, gúmmí þéttlistar, tæki og vinna.

1.4.2 ENDURNÝJUN GLUGGA

Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi alla glugga á 1.hæð og kjallara á sa- hlið hússins. Gert hefur verið við suma gluggana og eru gluggar farnir að skemmast út frá þeim viðgerðum. Nýir gluggar skulu vera sem líkastir þeim sem fyrir eru, en úr varanlegu efni t.d. ál-tré eða plast gluggar. Verkið skal þannig unnið að það valdi sem minnstum skemmdum á múr í kring. Þetta skal vandlega utan með nýjum gluggum og kítta við stein.

Mælieining er stk. Magntala er fjöldi glugga eftir stærð. Í einingaverði skal vera innifalinn allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. efni, gler, laus fög, skrúfur, fjarlæging og förgun eldri glugga, viðgerð á múr, tæki og vinna.

1.4.3 ENDURNÝJUN KLÆÐNINGAR Á ÞAKKANTI

Endurnýja þarf klæðningu á þakkanti á sv-gaffli. Um er að ræða panel-klæðningu. Losa þarf upp stálkant, sem beygður er yfir kant. Einnig þarf að endurnýja klæðningu neðan á kanti. Klæðning skal fest með ryðfríum skrúfum eða nöglum. Gengið skal vel frá stálkanti aftur með viðeigandi festingum.

Mælieining er m2. Magntala er flötur af fullfrágengnum þakkanti. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. efni, naglar, skrúfur, tæki og vinna.

1.4.4 KLÆÐNING Á SKYGGNI YFIR DYRUM

Steypt skyggni yfir dyrum er sprungið að framan. Framan á kant skal klæða með sléttu steni og þakdúk ofan á skyggni. Gengið frá við vegg og að framan með ál-flasningu.

Mælieining er m2. Magntala er fermetrar. af klæddum fleti með kanti. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. Klæðning á kanti, dúkur, festingar, tæki og vinna.

1.4.5 KLÆÐNING Á MÚRHÚÐAÐA FLETI

Á sv-gaffli (stigahúsi), eru sléttir fletir milli hornsúlna, sem skal klæða með ljósu sléttu steni, á einfalda 40mm tré grind. Gengið frá að ofan og neðan með ál-flasningu, sem nær undir glugga að ofan, og út yfir glugga að neðan.

Mælieining er m2. Magntala er klæddur flötur. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. þéttingar við glugga og vegg, klæðning, trégrind, festingar og frágangur.

1.4.6 ENDURNÝJUN LAMA

Lamir á svalahurð á 3.hæð eru ryðgaðar. Endurnýja þarf allar lamir (3stk) með ryðfríum eða messing-lömum.

Mælieining er heild. Í verði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. efni, skrúfur, fjarlægging eldri lama, tæki og vinna.

1.4.7 VIÐGERÐ Á PLASTKLÆÐNINGU

Á na-gaffli er gat á plastpanel-klæðningu á 3.hæð, sem þarf að laga. Óvíst er hvort hægt er að fá svona klæðningu til viðgerðar. Gert er ráð fyrir að búinn verði til prófíll úr áli og settur yfir gatið. Hann nái frá efri brún klæðningar og niður á móts við neðri brún klæðningar. Fest við klæðningu með ryðfríum draghnoðum. Síðan málað með sama lit og klæðning.

Mælieining er heild. Í verði skal vera innifalið allur kostnaður við framkvæmd verksins, s.s. efni, sníða og beygja efnið, draghnoð, tæki og vinna.

1.6 VIÐBÓTARVERK

1.6.1 TÍMAVINNA

Komi til að verktaki vinni aukaverk í tímavinnu, skal greiða honum fyrir eftir einingaverðum sem hér eru boðin.

Einingarverð skulu vera jafnaðartaxtar og ekki verður greitt aukalega þótt unnið sé utan dagvinnutíma. Tímagjaldið skal miðast við hvern unnin tíma. Taxtarnir skulu innifela allan kostnað svo sem allar samnings- og lögbundnar greiðslur ofan á laun, ferðir, fæði, álagningu, verkstjórn, kostnað vegna allra almennra handverkfæra o.s.frv.

Mælieining er klst. Magntala er fjöldi klukkutíma iðnaðarmanna og verkamanna. Í einingaverði skal vera innifalið allur kostnaður er tengist því að hafa iðnaðarmenn og verkamenn í vinnu.

MAGNTÖLUR

Verkl.	Verkþáttur	Ein.	Sammings Magn	Ein.verð	Samtals Verð
1.1. AÐSTAÐA, VARNIR, VINNUPALLAR					
1.1.1.	Aðstaða	heild	1	_____	_____
1.1.2.	Varsla og varnir	heild	1	_____	_____
1.1.3.	Vinnupallar	heild	1	_____	_____
1.1 SAMTALS KR					

1.2. MÚRVIÐGERÐIR

1.2.2.	Múrviðgerð á flötum				
	Múrviðgerð á flötum, 2 - 5 mm	m ²	3	_____	_____
	Múrviðgerð á flötum, 10 - 50 mm	m ²	4	_____	_____
1.2.3.	Múrviðgerð á köntum				
	Vatnsbretti, br = 0,15 m	lm	10	_____	_____
	Með hliðum glugga, br = 0,10 m	lm	5	_____	_____
	Múrviðgerð á köntum, d = 2 - 5 mm	lm	10	_____	_____
	Múrviðgerð á köntum, d = 10 - 50 mm	lm	10	_____	_____
1.2.4.	Viðgerð á sprungum með múr	lm	8	_____	_____
1.2.5.	Viðgerð á sprungum m. múr og kítta	lm	30	_____	_____
	Viðgerð á ryðguðu járn í kanti	lm	5	_____	_____
1.2.6.	Múrviðgerð á tröppum	heild	1	_____	_____
1.2 SAMTALS KR					

1.3. MÁLUN

1.3.2.	Málun útveggja (blettað)	m ²	110	_____	_____
	Málun vatnsbretta og kanta m. þykkhúð	lm	44	_____	_____
1.3.3.	Málun tréverks og glugga				
	Málun gluggakarma, pósta og lausra faga	lm	150	_____	_____
	Málun tréverks (þakkantar)	m ²	16	_____	_____
1.3.4.	Málun á áfelli úr galv. Blikki (b=0,7m)	lm	21	_____	_____
1.3.5.	Málun útihurða	stk	3	_____	_____

**1.3 SAMTALS
KR****1.4. ANNAÐ**

1.4.1.	Endurnýjun glerfalslista	lm	110	_____	_____
1.4.2.	Endurnýjun glugga (2,7x1,4m)	stk	4	_____	_____
	Endurnýjun glugga (2,7x0,4m)	stk	4	_____	_____
	Endurnýjun opnanl. gl. (0,3x1,3m)	stk	4	_____	_____
1.4.3.	Endurnýja klæðningu á þakkant	m ²	15	_____	_____
1.4.4.	Klæðning á skyggni yfir dyrum	m ²	11	_____	_____
1.4.5.	Klæðning á múraða fleti	m ²	12	_____	_____
1.4.6.	Endurnýjun lama á svalahurð	heild	1	_____	_____
1.4.7.	Viðgerð á gati á plastklæðningu	heild	1	_____	_____

**1.4 SAMTALS
KR****1.6 VIÐBÓTARVERK**

1.6.1.	Tímavinna				
	Iðnaðarmaður	klst	20	_____	_____
	Verkamaður	klst	20	_____	_____

**1.6 SAMTALS
KR****SAMTALS ALLT KR****0.9 TEIKNINGASKRÁ**

Eftirtaldar eldri teikningar fylgja útboði þessu: Útlit

Teikningar minnkaðar úr A2.

VERKSAMNINGUR

UTANHÚSSVIÐGERÐ OG MÁLUN

VERKSAMNINGUR

SEPT. 2008

VERKKAUPI:

NAFN VERKKAUPA

VERKTAKI:

NAFN VERKTAKA

UMSJÓN:

1. GREIN

VERKEFNI

Verkið er í því fólgið: 1) Að hreinsa, gera við og mála hluta útveggja, skipta um nokkra glugga og klæða veggfleti og dyraskyggni.

2. GREIN

SAMNINGSGÖGN

Verkið skal unnið í samræmi við þennan samning og eftirtalin gögn:

- Útboðsgögn, eins og þau eru tilgreind í grein 0.3.1 í útboðs- og samningsskilmálum Tilboðsblað verktaka dags. _____ 2008 ásamt útfylltri og yfirfarinni (leiðrétttri) tilboðsskrá, sem er **fylgiskjal A** með samningi þessum.
- Bréf um staðfestingu á töku tilboðs dags. _____ 2008 sem er **fylgiskjal B** með samningi þessum.
- Verktryggingu frá #(nafn tryggingarfélags)# dags. _____ 2008 að fjárhæð kr. _____ sem er **fylgiskjal C** með samningi þessum.
- Verkáætlun (tíma- og greiðsluáætlun) sem er **fylgiskjal D** með samningi þessum.
- Fundargerðir skýringafunda milli verkkaupa og verktaka áður en verksamningur er undirritaður, hafi slíkir fundir farið fram, **fylgiskjal E**.

Framantalin gögn eru hluti þessa samnings.

3. GREIN

SAMNINGSFJÁRHÆÐ

Samningsfjárhæð er, samkvæmt tilboði verktaka og með leiðréttingum samkvæmt ákvæðum útboðsgagna:

kr. _____ með virðisaukaskatti

skrifað, _____

4. GREIN

FRAMKVÆMDATÍMI

Framkvæmdatími hefst strax og tilboði hefur formlega verið tekið og skal verkinu vera að fullu lokið eigi síðar en **15. desember 2008**.

5. GREIN
ÁGREININGSMÁL

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, _____

F.H. VERKKAUPA

F.H. VERKTAKA

Vottar:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala